



ORKUSTOFNUN

Jarðhitaboranir við Skógalón í Öxarfirði

Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð LSG-88-01

ORKUSTOFTNUN  
Jarðhitadeild  
1988-01-14

Greinargerð  
LSG-88/01  
lsg

### JARDHITABORANIR VIÐ SKÓGALÓN Í ÖXARFIRÐI

Varðar: Lánsumsókn Seljalax hf vegna borana eftir jarðhita við Skógalón í Öxarfirði.

#### Inngangur

í Öxarfirði hafa verið talin einhver bestu náttúrlegu skilyrði fyrir fiskeldi á Íslandi. Þar er mikið af lindum og öflug jarðhitasvæði eru skammt frá ströndinni, því hefur bæði seiðaeldi og matfiskeldi verið inni í myndinni. Töluverð óvissa hefur þó ríkt um ýmsa þætti, einkum hvað varðar virkjun jarðhitans og öflun jarðsjávar auk þess sem beinar tölulegar upplýsingar um ferskvatnið hafa verið af skornum skammti. Til að bæta úr því lagði Orkustofnun fram tillögur fyrir ríki og sveitarfélög sumarið 1986 um verkefni sem miðaði að því að afla gagna til að auðvelda mat á náttúrlegum aðstæðum til fiskeldis í Öxarfirði og var áætlað að vinna það á tveimur árum. Verkefnið var unnið samkvæmt áætlun sumarið 1987. Alls voru boraðar 5 rannsóknarholur á svæðinu þar af 3 til að leita jarðsjávar og 2 vegna jarðhitarannsókna (staðs. sjá mynd). Helstu niðurstöður voru:

- 1) Nægjanlegt ferskvatn til seiða- eða matfiskeldis finnst viða í Öxarfirði.
- 2) Ekki er talið vænlegt að vinna jarðsjó úti á sandinum vegna efnamengunar og mikils dælukostnaðar. Nýtanlegur jarðsjór fannst aftur á móti austan Brunnár við Buðlungahöfn og liklegt er talið að finna megi fleiri góða sjótökustaði þar norður af.
- 3) Nýtanlegum jarðvarma virðist mega ná við Skógalón og Bakkahlaup og jafnvel víðar.

Í framhaldi af því voru lagðar fram tillögur um seinni áfanga rannsóknanna, sem áætlað er að unninn verði á þessu ári. Heildarkostnaður við rannsóknirnar er áætlaður um 13,5 miljón kr. Stærsti liðurinn í því eru rannsóknarboranir eftir heitu vatni við Skógalón í landi Árlækjarsels.

Fiskeldisfyrirtækið Seljalax hf hefur verið aðili að þessu rannsóknarverkefni fyrir hönd sveitarfélaganna í Öxarfirði, og staðið undir fjármagnsskuldbindingum þeirra. Seljalax hf hefur í hyggju að reisa fiskeldisstöð við austurbakka Brunnár nærri ströndinni. Staðfesting á jákvæðum niðurstöðum jarðhitarannsókna síðastliðins sumars á hitasvæðinu við Skógalón er þar lykilatriði. Hitasvæðið er nærri ströndinni og um 3 km frá væntanlegu athafnasvæði Seljalax hf og liggur því langbest við nýtingu.

### Hitasvæðið við Skógalón

Jarðhitinn við Skógalón virðist nokkuð öflugur enda eru þar sjóðandi hverir á yfirborði. Erfitt er að mæla rennsli vegna þess hve svæðið liggur lágt en það hefur gróflega verið metið 10-15 l/s af sjóðandi vatni. Að vetrarlagi, þegar ósar eru lokaðir og grunnvatnsborð hækkar, teygir lónið sig yfir svæðið en að sumarlagi eru flestir hverirnir ofan vatnsborðsins. Niðurstöður rannsóknaborana síðasta árs (A-1, sjá mynd) gefa til kynna að hiti sé um 107 gráður á 70 m dýpi og efnagreiningar benda til að djúphiti sé a.m.k. 130 gráður en geti verið mun hærri. Hitasvæðið tengist Kröflu-sprungubeltinu og kemur jarðhitinn upp á norðlægri sprungu sem er hluti af austurkanti sprungubeltisins. Ekki er óliklegt að hitasvæðið sé í ein-hverjum tengslum við háhitavirkni. Svæðið ætti að geta staðið undir um-talsverðri nýtingu. Verður að telja næsta vist að þarna sé hægt að vinna tugi lítra af sjóðandi vatni og ekki er hægt að útiloka gufuvinnslu.

### Tillögur um boranir

Orkustofnun hefur mælt með að boruð verði um 500 m djúp rannsóknarholu við Skógalón sem mundi nýtast sem vinnsluhola ef árangur verður í samræmi við væntingar. Við hönnun slikrar holu er margs að gæta. Setlagarannsóknir Rússu í Öxarfirði á síðasta sumri gefa til kynna að jarðhitinn við Skógalón komi upp í um 1000 m þykki setlagasyrpu, nokkuð sem er óþekkt annars staðar á Íslandi. Þar er því ekki hægt að yfirfæra beint þá reynslu og þekkingu sem fengist hefur á öðrum jarðhitasvæðum, og full ástæða til að vanda vel til framhaldsins. Holuna þarf að fóðra niður á um 200 m dýpi með a.m.k. 10" fóðringu og þar fyrir neðan þarf að gera ráð fyrir rauðfaðri fóðringu í botn. Gera þarf ráð fyrir að bora bróðurpart holunnar með bor-leðju og er af því nokkur viðbótarkostnaður. Sömuleiðis þarf að uppfylla fyllstu öryggiskröfur ef hiti reynist í hærra lagi. Loks þarf að reikna með nokkrum kostnaði við vegabætur. Kostnaður við borun slikrar holu og nauðsynlegar prófanir á henni hefur verið áætlaður um 5 miljón kr (janúar 1988). Frá jarðhitalegu sjónarmiði er ekkert því til fyrirstöðu að hefja boranir og er ætlunin að holan verði sett niður rétt vestan við jarðhita-sprunguna á móts við öflugustu hverina með það í huga að skera sprunguna á 300-400 m dýpi. Líkur á viðunandi árangri verða að teljast ágætar.

